

66. Auka fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn þriðjudaginn 13. nóvember 2012, kl.12:00 á skrifstofu Langanesbyggðar

Mætt eru: Ævar Rafn Marinósson, Steinunn Leósdóttir, Indriði Þórsoddsson Reimar Sigurjónsson, Nanna S. Höskuldsdóttir, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Vara oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Byggðarkvóti Langanesbyggðar 2012/2013

Sveitarstjóri fór yfir reglugerðir um úthlutun á byggðarkvóta og lagði til eftirfarandi bókun.

Sérreglur Langanesbyggðar vegna byggðakvóta fiskveiðiársins 2012/2013

Með vísan til 2. gr. reglugerðar 628/2012 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2012/2013 er þess hér með farið á leit að ráðherra heimili sérreglur vegna sérstakra skilyrða fyrir úthlutun byggðakvóta í Langanesbyggð.

Bakkafjörður og Þórshöfn

Gerð verði breyting á 6. gr. reglugerðarinnar.

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan hlutaðeigandi sveitarfélags á tímabilinu frá 1. september 2012 til 31. ágúst 2013. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin verði óbreytt að öðru leyti frá ráðuneytinu fyrir Bakkafjörð og Þórshöfn.

Vegna árstíðabundina sveifla í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski er farið fram á það við ráðherra og ráðuneytið að heimilað verði að landa til vinnslu þeim afla sem telja á til byggðakvóta á Þórshöfn, innan sveitarfélagsins Langanesbyggðar svo hægt sé að uppfylla kröfur reglugerðarinnar um tvöföldun þess aflamarks sem þau fá samkvæmt reglugerð þessari. Það getur falist ákveðin áhætta fyrir fiskiskip á Þórshöfn að treysta á að fiskvinnslur á Þórshöfn geti ávalt tekið við botnfisk til vinnslu. Uppsjávarvinnsla getur þannig orðið þess valdandi að ekki sé unnt að vinna botnfiski á sama tíma vegna ýmissa ástæðna og við slíka óvissu geta fiskiskip á Þórshöfn ekki búið við. Til að gæta jafnræðis milli fiskiskipa og fiskvinnsla innan Langanesbyggðar er farið þess á leit við ráðherra og ráðuneyti að sama regla verði viðhöfð varðandi byggðakvóta Bakkafjarðar þar sem frysting er ekki til staðar á Bakkafirði. Það takmarkar getu fiskvinnslna að taka á móti botnfiski alla daga, allt árið um kring á Bakkafirði. Slíkt getur orðið þess valdandi að fiskvinnsla á Bakkafirði getur ekki tekið við öllum afla til vinnslu.

Sveitarstjórn óskar eftir því að ráðuneytið auglýsi eftir umsóknum í Byggðakvóta Bakkafjarðar og Þórshafnar eins fljótt og auðið er .

Bókunin samþykkt samhljóða

Fundargerðin upplesinn og samþykkt fundi slitið kl 12:30